

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 340

nóvember 2023



**EUROPAFORUM 2023
KLAGENFURT
AUSTRIA**



**MEETINGPOINT
OF NATIONS**

IN HARMONY WITH NATURE



We Serve

Nóvember 2023. Blað nr. 340
THE LION IN ICELANDIC

Fjöllumdæmi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málgað Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.



Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Timaritíð Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir

Fjöllumdæmisstjórn:



Sigfríð Andradóttir, fjöllumdæmisstjóri. Sigfríð er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: sigfrida@simnet.is



Friðrik Hansen Guðmundsson, umdæmisstjóri í 109 A. Friðrik er félagi í Lionsklúbbum Fjörgyn og er með tölvupóstfangið friðrikhansen@gmail.com



Baldur Ingi Karsson, umdæmisstjóri 109B. Baldur Ingi er félagi í Lionsklúbbum Hængur. Netfang Baldurs Inga er balduringikarsson@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2023 – 2024

Fjöllumdæmisstjóri: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

Umdæmisstjóri 109A: Friðrik A. Hansen, Lkl. Fjörgyn

Umdæmisstjóri 109B: Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Fjöllumdæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjöllumdæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjöllumdæmisstjóri: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Vara fjöllumdæmisstjóri: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Niels Bjarki Finsen, Lkl. Laugardals

Umhverfisstjóri: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (félagamál): Jón Pálmason, Lkl. Víðarr

GST stjóri: (verkefni) Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar(formaður): Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganeftnd (form.): Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson, Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður Þingnefndar: Jóhann Jónsson Lkl. Álftanes

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K. Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmisstjóri 109A Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumdæmisstjóri 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:

Theлма Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumdæmisstjóri (annar) 109B:

Aðalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2023 – 2024:

Alþjóðaforseti Dr. Patti Hill, Canada;

Fyrirverandi alþjóðaforseti Brian E. Sheehan, United States;

Vara alþjóðaforseti, Fabrício Oliveira, Brazil;

Annar vara alþjóðaforseti A.P. Singh, India;

Þriðji vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon, United States.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirozaka, Japan.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Samsett mynd

– Þorkell Cýrusson



Ritstjórnargrein

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er annað tölublað þessa starfsárs 2023 til 2024 komið út. Þetta blað er einungis gefið út á neti og því ekki prentað. Nokkrar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði en því miður hafa ekki margir gefið sér tíma til að skrifa í blaðið og er það miður. Ég ætla sérstaklega að benda á grein frá fjöllumdæmisstjóra okkar þar sem hún fjallar um Evrópuþingið sem haldið var í Klagenfurt í Austurríki frá 25. til 28. október síðastliðinn.

Greinar frá embættismönnum eru alltaf áhugavekjandi því þar er fjallað um það sem efst er á baugi hjá þeim. Ekki má gleyma greinum frá klúbbum og klúbfbfélögum sem eru alltaf skemmtilegar og fræðandi. Ég hvet klúbba til að koma með greinar úr starfinu með myndum sem alltaf er áhugaverðar og gaman að lesa.

Ég minni á að framboð til embætta fyrir næsta lionsþing nr. 69 verður auglýst í næsta blaði og þurfa til dæmis framboð til embætta að berast fyrir 15. febrúar. Eins og hér að ofan kom fram þá er endilega að fylgjast með í næsta blaði hafi menn hug

á að sækjast eftir embættum fyrir starfsárið 2024-2025.


Að lokum þakka ég öllum þeim sem sendu inn greinar í blaðið og eins til þeirra sem komu að útgáfu þessa blads.

Netfang Lionsbladsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Að leggja lið er gjöf sem gefur

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar
 Þið skiptið svo miklu máli í lífi fólks á hverjum einasta degi. Enn fremur, hver veit betur heldur en Lions eða Leo að þjónusta okkar er ekki einungis gjöf til samfélagsins heldur einnig gjöf til okkar sjálfra. Það gefur góða líðan að leggja öðrum lið og endurnýjar kraftana hjá okkur sjálfum, en við skulum ekki bara halda þessari góðu líðan fyrir okkur sjálf. Deilið sem lionsfélagar greinum um þjónustu ykkar til fjölmiðla, samfélagsmiðlana ykkar og þegar þið kynnist fólki í fyrsta sinn. Látið alla vita um þá góðu hluti sem klúbburinn þinn er að gera fyrir samfélagið og hvað ykkur þykir gaman að gera það. Aðalatriðið er líka að bjóða öðrum að vera með. Bjóða þeim að vera með í þjónustuverkefnum, taka þátt í klúbbsstarfinu og sýna þeim hvað er gaman að vera í Lions. Með stærri klúbbi eykst mátturinn til að

þjóna samfélaginu og gera klúbbsstarfið enn skemmtilegra fyrir félagana.

Ég þakka ykkur fyrir allt sem þið eruð að gera, um leið og við höldum áfram að leggja lið og „breyta heiminum“.

Ykkar til þjónustu

*Dr. Patti Hill
 Alþjóðaforseti Lions*

Þýðing: Geir Hauksson



Lionsklúbbur Grindavíkur



Fréttir frá Lionsklúbbi Grindavíkur. Við í Lionsklúbbi Grindavíkur erum í dag 34 félagar. Stjórn klúbbsins skipa Hörður Jónsson formaður, Sverrir Þorgeirsson gjaldkeri og Matthías Oddgeirsson ritari, varaformaður er Eiríkur Dagbjartsson. Starfið hófst með hefðbundnum hætti í september og í október vorum við með fyrstu fjáröflunina okkar sem er Sviðamessa og var hún haldin á Bryggjunni (veitingahús). Góð mæting var og aðalskemmtikraftur var Inga Sæland formaður Flokks fólksins. Vel var látið af hennar skemmtun bröndurum og söng. Næsta verkefni er Sykursýkisvarnardagurinn 14. nóvember og hefur klúbburinn ákveðið að blóðsykurmælingar verði í Nettó föstudaginn 17. nóv. nk. Við horfum

bjartsýnir fram á veturinn þótt svo það skjálfi smá í kringum okkur. Aðalfjáröflun okkar KÚTMAGAKVÖLD er haldið 8. mars og er það kvöld stórfenglegt. Undirbúningur er þegar hafinn og koma margar hendur að því. Lionsmenn sjá um verkun á kútmögumum. Þessi grein á að fara í Lionsblaðið. Tvær myndi fylgja og sá sem sendir þær er Sverrir Þorgeirsson. Þú lætur þær inn þar sem þær passa í tenglum við Sviðamessuna.

Lionskveðja, Gunnar Vilbergsson

Skilafrestur á efni í næsta blað er 30. nóvember

Fjölumdæmisstjóri

Sigríð Andradóttir,

fjölumdæmisstjóri MD 109



Verkefni fjölumdæmisstjóra

Eitt af verkefnum fjölumdæmisstjóra eru samstarf við önnur lönd og er hann talsmaður Lions á Íslandi út á við og er tengiliður við fjölumdæmi annarra landa hvort sem um er að ræða hin Norðurlöndin (NSR), Evrópa eða við aðrar heimsálfur.

Evrópuþing

Ég fór til Klagenfurt, Austurríki miðvikudaginn 26. október á Evrópuþingið sem er haldið síðustu daga október mánaðar ár hvert. Það er með þetta þing eins og önnur eftir Covid að það er smátt og smátt að rísa upp aftur og það fjölgar fólki sem mætir þangað ár hvert.

Við vorum átta sem fórum frá Íslandi þetta árið, ásamt mér fór eigenmaður minn Þorkell (Keli), Ungmennaskiptastjórinn Pálmi Hannesson ásamt hans konu Sigríði, alþjóðastjórnarmaðurinn Halldór Kristjánsson ásamt hans konu Jenný og fyrirverandi alþjóðastjóri Lions Guðrún Björt Yngvadóttir og hennar eigenmaður Jón Bjarni. Á svona þingum hittir maður fullt af nýju fólki sem vinnur að sömu markmiðum og maður sjálfur: að láta gott af sér leiða en líka gamla kunningja sem maður hefur hitt áður á hinum ýmsu stöðum.

Það var vel staðið að öllum málum á þinginu, hvort sem um var að ræða fundi, kynningar á málefnum og/eða skemmtunum á kvöldin. Á svona þingum eru að sjálfsögðu kosningar um hinar ýmsu lagabreytingar og aðrar breytingar. Á þessu þingi voru 13 liðir sem þurfti að kjósa um og var undirrituð fulltrúi Íslands og sú eina sem hafði kosningarétt fyrir það. Það eru ýmsar serimoníur í gangi og til dæmis er ein af þeim að fjölumdæmisstjóri má hafa með sér einn ráðgjafa sér til halds og trausts. Yfirleitt er þetta fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður sem aðstoðar þar sem þeir hafa



Séð yfir hluta salarinnssinn.



Fjölumdæmisstjóri við ljónið í inngangi ráðstefnuhallarinnarsinn.



Guðrún fyrirverandi alþjóðastjóri ásamt fjölumdæmisstjóra afhenda Manoj Shah stuðningsyfirlýsingu frá Íslandi til framboðs 3ja alþjóðastjóra í Melbourne næsta sumarráðstefnuhallarinnarsinn.



Jón Bjarni, Guðrún, Sigríð ásamt (þýsku) íslendingunum þeim Rúnari og Auði Lenu



Séð yfir sviðið þar sem að stjórnendur þingsins og alþjóðastjórnarmenn sátu og sáu um að allt færi eftir lögum og reglum



Kosningar að hefjast



Íslendingarnir með íslensku fánana sína í skrudgöngunni.

reynsluna og þekkinguna til staðar. Ég var svo heppin að fá Jón Bjarna Þorsteinsson mér til aðstoðar og er það ómetanlegt fyrir okkur hér á Íslandi að hafa svona vandaða lionsfélaga til halds og trausts. Þessar kosningar fóru þannig fram að fyrsta daginn voru málefnið kynnt, á degi tvö hittumst við svo aftur og þá voru fyrirspurnir og umræður um efnin og þriðja daginn var svo kosið.

Við fengum poka á þinginu, mjög litríka og skemmtilega fjölnotapoka og eru þeir saumaðir í saumastofu í Kenía og er hún hluti af fullt af litlum handverkssmiðjum en þetta er lions verkefni þar fyrir fólk sem á erfitt með að fá vinnu.


Á þessu þingi hittum við íslensk hjón búsett í Þýskalandi þau Rúnar Emilsson og Auði Lenu Knútsdóttur og er hann lionsfélagi þar. Það var



Skrúðgangan að fara af stað undir lúdrablæstrisinn.

mjög gaman að hitta þau og myndaðist góður vinskapur á milli þeirra og okkar hinna Íslendinganna.

Við flugum heim sunnudaginn 29. október, löng og ströng helgi að baki og gott að komast heim.



Pokarnir fínu sem við hjónin fengusinn.



Við hjónin ásamt alþjóðaforseta Patti Hill



Við Jón Bjarni við íslenska borðið á Eorópu þinginu

Lionsklúbbur Dalvíkur

Lionsklúbbur Dalvíkur er nú 100% Melvin Jones klúbbur, sem þýðir að allir félagar í klúbbnum eru Melvin Jones félagar. Klúbburinn fékk að því tilefni viðurkenningu og fána.

Tryggvi Kristjánsson



LCIF – Endurbygging í Nepal

Enduruppbygging í Nepal: LCIF fjármagnar yfir 4,7 milljónir Bandaríkjadala í styrki til að bregðast við jarðskjálftanum í Gorkha. Höfundur: Shelby Washington

Þann 25. apríl 2015 kostaði hrikalegur jarðskjálfti í Nepal, þekktur sem Gorkha jarðskjálftinn, nærri 9000 mannslíf. U.þ.b 23,000 slösuðust og 500,000 heimili lögð í rúst. Þetta voru verstu náttúruhamfarir í Nepal síðan 1934. Heilu þorpin jöfnuðust við jörðu og hundruð þúsunda Nepala urðu heimilislaus á örskotsstundu. Margir eftirskjálftar urðu til þess að flestir íbúar héldu sig utandyra í að minnsta kosti fjórar til fimm nætur. 12. maí það sama ár varð gríðarlegur eftirskjálftar af stærðinni 7,3 stig og fórust yfir 200 manns og meira en 2,500 slasaðir. Enn fleiri urðu heimilislausir. Þessi langvarandi hörmung olli mikilli skelfingu innan samfélagsins. Fólk missti allt og bjó utandyra í angist. Um leið upplýsingar um þessar hörmungar bárust til Lionsshreyfingarinnar hófst hjálparstarf á vegum hennar.

Mikesh Shrestha, verkefnastjóri Lionsshreyfingarinnar og verkfræðingur: „Slysið olli áður óþektri eyðileggingu, manntjóni og mannlegum þjáningum. Lionsshreyfingin helgar sig mannúðar- og hjálparstarfi og er oftast en ekki með þeim fyrstu til að bjóða fram aðstoð og stuðning þegar náttúruhamfarir dynja yfir.“

Stuttu eftir að jarðskjálftinn reið yfir veitti Alþjóðafjálparsjóður Lions (LCIF) Fjölmudæmi MD325 í Nepal „Major Catastrophe Grant (MCAT)“ að upphæð 100.000 Bandaríkjadala til neyðaraðstoðar. Forysta Lions ákvað að hefja hjálparstarf í héruðunum Gorkha, Dhading og Nuwakot; Hjálparstarfið breiddist síðan út til annarra héraða innan tveggja til þriggja daga. Fyrstu hjálpargögn voru send með þyrllu og á bakaleið flutti þyrflan slasaða einstaklinga frá þorpinu. Lionsfélagar í nágrennaríkjunum Indlandi og Bangladesh söfnuðu saman hjálpargögnum til að aðstoða strax í kjölfar hamfaranna.

Jarðskjálftarnir tveir höfðu einnig áhrif á 39 skólahverfi og eyðilögðu um það bil 32,000 kennslustofur. Margir skólar hófu störf í bráðabirgða kennslumiðstöðvum (TLC) sem gátu þó ekki komið til móts við þann fjölda nemenda sem þeir höfðu fyrir jarðskjálftann. Að mestu leyti fór kennslan fram í tjöldum, undir segldúkum og bárujárns skýlum í langan tíma. Sumir skólar héldu jafnvel kennslustundir sínar í skemmdum byggingum eða undir berum himni. Fyrir vikið slepptu nemendur tímum og sögðu að það væri erfitt að læra í svo óskipulegu umhverfi. Þegar Lionsfélagar sáu þann mikla skaða sem skólarnir urðu fyrir og hvaða áhrif skaðinn hafði á nemendur sáu þeir möguleika á geta gert eitthvað sem skipti verulegu máli. Þau sóttu um styrk frá LCIF og fengu tvo styrki, samtals yfir 4,6 milljónir Bandaríkjadala, til að endurbyggja 18 skóla.

Fyrstu skref Lionsfélaganna voru að rannsaka og meta hvaða skólar urðu fyrir alvarlegustum áhrifum. Shrestha segir: „Með ýtarlegri rannsókn á yfir sjötíu skólum og háskólasvæðum máttum við umfang tjóns á byggingum og hver væru brýnustu verkefni fyrir hverja stofnun. Þessi áfangi gerði okkur kleift að þrengja áherslur okkar að þeim átján skólum sem voru í brýnastri þörf og fýsilegastar til uppbyggingar.“ Skólar gegna mikilvægu hlutverki við að móta framtíðarleiðtoga og þessi jarðskjálfti skildi næstum 1.5 milljón barna eftir án viðeigandi námsumhverfis.

Fyrirverandi fjölmudæmisstjóri, Girdhari Sharma Bhusal, sagði: „Lionsfélagar máttu það svo að þessar nýju skólabyggingar væru ekki bara áþreifanleg mannvirki heldur tákni vonar og styrktu þau börn sem hafa vilja til að læra, þroskast og átta sig á raunverulegum möguleikum sínum.“ Sem formaður endurreisnarnefndarinnar vissi Bhusal að Lionsfélagar gætu bætt líf þúsunda nemenda ef þau héldu bara áfram að ýta verkefninu áfram, jafnvel þegar þeir stæðu frammi fyrir erfið-



leikum. Því miður stóðu þeir frammi fyrir verulegum áskorunum en þeir héldu áfram vegna nemendanna. Samkvæmt Shrestha, "Þrettán af átján skólunum voru staðsettir á svæðum, erfiðum landfræðilega með lélegar samgöngur, svo bera þurfti þangað allt efni og hjálpargögn. Þrátt fyrir allar áskoranirnar fannst Lionsfélögunum þetta verkefni ótrúlega gefandi. Bhusal segir: „Þetta var okkur öllum mikil ánægja. Þar sem verkefnið var unnið innan tilskilins tímaramma í samræmi við hönnun og kostnaðaráætlun veitti það aukna trú á getu okkar og dugnaði. Það vitnaði um þá staðreynd að nepölsku ljónin geta starfað með góðum árangri í samvinnu við alla hagsmunaaðila ríkis og félagasamtaka“.

Með þessu áhrifaríka samstarfi fjárfestu Lionsfélagar og Alþjóða hjálparsjóðurinn (LCIF) í bjartsýni á framtíð fyrir nemendur í Nepal Framtíð, sem býður ekki aðeins upp á kennslustofur, heldur rými fyrir hvatningu til náms fyrir komandi kynslóðir.

Þýðing: Anna Blöndal



Lions International Lions á Íslandi MD109



Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi
Sími: 561 3122 – Netfang: lions@lions.is



Sjónverndarfræðsla Lions – 8. nóvember 2023

Október er mánuður sjónverndar hjá Lions og hefur Lions á Íslandi gjarnan boðið almenningi upp á fræðsluerindi um sjónvernd og augnsjúkdóma.

Núna í byrjun nóvember mun María Soffía Gottfreðsdóttir augnlæknir og lektor við HÍ fjalla um gláku.

Fræðsluerindið verður miðvikudaginn 8. nóvember kl. 16:00-17:30 í húsi Blindrafélagsins Hamrahlíð 17.

Allir eru velkomnir og er aðgangur ókeypis.

DAGSKRÁ:

Setning: Sigfríð Andradóttir fjölumdæmisstjóri Lions á Íslandi.

Ávarp: Sigþór U. Hallfreðsson formaður Blindrafélagsins.

Erindi: **Er gláka ennþá blinduvaldandi sjúkdómur?
Framfarir í greiningu og meðferð.**



María Soffía Gottfreðsdóttir augnlæknir stundaði framhaldsnám í augnlæknisfræði við Duke háskólann í Bandaríkjunum og sérhæfði sig í gláku og augnskurðlækningum við Kellig Eye Center við Michigan háskóla. Hún er eini starfandi sérfræðingurinn á Íslandi sem sinnir sérhæfðum skurðaðgerðum við gláku.

Fyrirspurnir og umræður.

Lokaorð: Sigfríð Andradóttir fjölumdæmisstjóri Lions á Íslandi.

Fundarstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson heimilislæknir og fyrrverandi alþjóðarstjórnarmaður Lions.

Helen Keller hvatti Lionsfélaga til að gerast „Riddarar hinna blindu“. Það var á alþjóðþingi Lions 1925 og allar götur síðan hefur stuðningur við blinda og sjónskerta verið aðalsmerki Lions.



Alþjóðahjálparsjóðurinn - styrkir



Lions Clubs International
FOUNDATION

Tilgangur LCIF er að styðja lionsklúbba, sjálfbóðaliða og samstarfsaðila til að bæta heilsu og vellíðan og styrkja samfélög.

Styrkjakerfi Alþjóðahjálparsjóðsins ná yfir allt frá lífsleikni í gengum Lions Quest til meiriháttar hamfara og hörmunga af völdum náttúrunnar eða mannskepnunnar sjálfrar með „Meiriháttar hamfara styrk (Major Catastrophe MCAT) Grants“. Í blaðinu má lesa um tilfelli þar sem slíkur styrkur var veittur til uppbyggingar eftir hamfarir. Ísland er ekki að nota Lions Quest lengur en önnur styrkhæf verkefni eru til staðar hér.

Styrkir eru í meginatriðum tvenns konar og þurfa að vera tengdir einhverju af kjarnaverkefnum sjóðsins:

- Styrkir þar sem móttframlag klúbbs eða umdæmis þarf til að styrkur sé veittur. Móttframlagið getur verið frá 10% - 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Að minnsta kosti tveir klúbbar þurfa að standa að umsókn.
- Styrkir þar sem Alþjóðahjálparsjóðurinn leggur til allt fjármagn sem veitt er til verkefnis.

Íslenskir klúbbar hafa ekki sótt mikið í styrki til verkefna jafnvel þó þau rúmist innan þeirra kjarna-verkefna sem Alþjóðahjálparsjóðurinn styrkir. Þessir flokkar eru eftirfarandi:

- o **Sjónvernd – SightFirst** - Barátta gegn ótímabærri blindu, endurheimt sjónar og þjónusta við blinda og sjónskerta. Umdæmi og fjölmudæmi geta sótt um þessa styrki.
 1. Endurnýjun innviða, kaup á hagkvæmum búnaði.
 2. Alhliða sjónverndarþjónusta og fræðsla; þjálfun heilbrigðisstarfsfólks
 3. Jöfnunarfrjármögnun þarf fyrir kaup á tækjabúnaði.
- o **Hamfaraaðstoð – Disaster relief** – er í fjórum flokkum:
 1. **Fyrsta hjálp og neyðaraðstoð.** Dreifing á vatni, mat, fötum, lyfjum, teppum og persónulegum nauðsynjum s.s. fatnaði og persónulegum hreinlætisvörum.
 2. **Viðbúnaðarstyrkir.** Stuðningur veittur í samstarfi við yfirvöld og stofnanir fyrir áframhaldandi aðstoð s.s. að koma upp lager fyrir hjálpargögn, setja saman neyðarpakka, undirbúningsfræðsla, fyrirfram stuðningur við fyrstu hjálpar aðila.
 3. **Samfélags-uppbyggingarstyrkir.** Tæki til viðgerða og samræming á tímabundinni þjónustu þ.e. fyrstu hreinsun og viðgerðum þegar fyrsta hjálp hefur verið veitt af öðrum samtökum.
 4. **Meiriháttar hamfarastyrkir.** Er einungis veittur af alþjóðaförseta þegar meiriháttar langtíma uppbyggingar er þörf eftir miklar hamfarir.

Ekki þarf jöfnunarframlag með öllum verkefnum sem falla undir hamfaraaðstöðina, en er 10% af heildarkostnaðaráætlun verkefnis þar sem þess er krafist.

- o **Sykursýki – Diabetes.** Stuðningur til að draga úr nýgengi sykursýki og auka lífsgæði þeirra sem þegar eru greindir. Hámarks styrkuppþæðir: Umdæmi \$150.000, fjölmudæmi \$250.000,- Umdæmi og fjölmudæmi geta sótt um þessa styrki.
 1. Skimunarverkefni og alhliða eftirfylgni. Stuðningur við sykursýkisbúðir.
 2. Stuðningur við núverandi heilbrigðisstofnanir til að auka aðgengi og þjálfun starfsfólks.
 3. Jöfnunarfrjármögnun 25% af heildar kostnaðaráætlun verkefnisins

- o **Krabbamein barna – Childhood Cancer.** Styrkir til að styðja við og bæta lífsgæði barna með krabbamein og fjölskyldna þeirra. Hámarks styrkuppþæð \$150.000,- Umdæmi og fjölmudæmi geta sótt um þessa styrki.

1. Styrkir fyrir byggingar og stækkunar innviða eins og fjölskylduhúsa;
2. Barnvæn svæði og aðstaða til meðferðar fyrir börn með krabbamein; sjúkraflutningar, fræðsla og afþreying.
3. Jöfnunarfrjármögnun 25% - 50% af heildarkostnaðaráætlun verkefnisins.

- o **Hungur – Hunger.** LCIF aðstoðar við að útvega hollar máltíðir fyrir hungraða og vinnur að því að koma á áætlunum og meiri getu fyrir samfélög þar sem matur er af skornum skammti.

„Vitneskja okkar um hversu lífsnauðsynlegt er að hafa nægan mat, setur okkur lionsfélaga í þá stöðu verða að vinna gegn hungri. Alþjóðahjálparsjóður Lions hefur sett hungur sem eitt af fimm kjarnaverkefnum hreyfingarinnar. Svo lionsfélagar sýnið stuðning við matargjafir í heimabygð. Aðstoðid skólaborð frá fátækum heimilum, styrkið Alþjóðahjálparsjóðinn LCIF sem styður lionsverkefni sem berjast gegn hungri. Naresh Aggarwal PIP 2017“

Lionsklúbbar sem óskar eftir styrk til verkefnis, fær þá oftast jöfnunarstyrk þar sem viðkomandi leggja fram fjármagn og fá styrk á móti. Styrkurinn getur verið 25% - 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Þegar sótt er um styrk þarf verkefnið að vera vel skilgreint með upphafs- og endapunkti, kostnaðaráætlun og markmið verkefnisins þ.e. hverjir munu njóta góðs af.

Undantekning frá kjarnaverkefnum eru 15% endurgreiðslustyrkir til klúbba sem hafa gefið 5000 USD eða meira innan starfsárs. Þá geta klúbbar sótt um 15% endurgreiðslu af framlagi til eigin verkefnis.

Nýleg verkefni á Íslandi sem hafa hlotið styrk:

- **Jöfnunarstyrkur** - Tækjakaup til fjaraugnækninga fyrir Vestmannaeyjar. 50% styrkur til Lionsklúbbs Vestmannaeyja til tækjakaupa. Klúbburinn fjármagnaði jöfnunarframlagi í samstarfi við fólk, fyrirtæki og stofnanir í Vestmannaeyjum, ásamt öðrum félagsamtökum.
- **Endurgreiðslustyrkur** - Rekstur listasmiðju fyrir flóttabörn frá Úkraínu. Klúbburinn Eik fékk endurgreiðslustyrk til verkefnisins frá Alþjóðahjálparsjóðnum til kaupa á efni, greiðslu launa o.fl. Verkefnið unnið í samstarfi við leiðbeinendur á vegum Arnarins sem sá um námskeiðin, kennara, listamenn og sálgæti. Starfsmenn Garðabæjar útveguðu húsnæði fyrir listasmiðjuna og auglýstu verkefnið meðal flóttafólks í Garðabæ.

Endurgreiðslustyrkur - Lionsklúbbar Mosfellsbæjar fékk endurgreiðslustyrk vegna tækjakaupa fyrir Björgunarsveitina Kyndil í Mosfellsbæ.

Íslenskir lionsklúbbar og lionsfélagar hafa staðið vel við bakið á Alþjóðahjálparsjóðnum í gengum áratugina síðan hann var stofnaður og engin merki um að það sé að breytast. Við í LCIF teyminu tökum hattinn ofan fyrir ykkur lionsfélagar. Íslendingar hafa notið góðs af styrkjum sjóðsins hér á landi og vitum öll hversu mikilvægt er að Alþjóðahjálparsjóðurinn sé öflugur.

Höfum í huga að það munar um hvert framlag.

Lionskveðjur

Björn, Geirþrúður og Anna

Minning † J. Kristín Dagbjartsdóttir – f. 25 ágúst 1941, d. 4 okt. 2023



Kristín vann ýmis störf á yngri árum en útskrifaðist sem lyfjatæknir 1986 og vann við það hjá lyfjaheildsölu Stefáns Thorarensen í 25 ár.

Kristín gekk til liðs við Lionsklúbbinn Fold 20. maí 1996. Það var mikill fengur fyrir klúbbinn okkar að fá Kristínu í hópinn hún var þá þegar alvön félagsmálakona. Hún hafði verið landsforseti ITC eða Powertalk International, á árunum 1994-1995.

Hún var líka í stjórn Lyfjatæknafélags

Íslands í átta ár. Kristín lét strax til sín taka í Fold og sat í gegnum árin í öllum nefndum klúbbsins. Hún var formaður klúbbsins 1999-2000 og sat í þingnefnd fyrir fjölmundamisþing 2000-2001 sem var 50 ára afmælisþing Lions á Íslandi en um það þing sáu klúbbarnir Fold og Fjörgyn, þingið var haldið í Grafarvogi. Árið 2003-2004 var hún bæði gjaldkeri klúbbsins og svæðisstjóri á svæði 2 í B umdæmi, 2009- 2010

var hún ritari klúbbsins og 2010-2011 var hún LCIF fulltrúi í umdæmi 109B. Kristín fékk Melvin Jones viðurkenningu árið 2007. Kristín var gift Ármanni Péturssyni en Foldarkonur fengu að njóta krafta hans þar sem hann t.d útvegaði okkur einu sinn mjög stórt verkefni þegar Almannaþing ríkisins þurftu að losa stóra geymslu sem var full af alls konar lækningatækjum allt frá sjúkrarímum niður í þvagflöskur úr gleri og öryggisnælur. Allt þetta settum við í stóran gám og sendum til Eystrasaltslandanna og skemmtum okkur konunglega við þetta verkefni. Árið 2003 fluttu þau hjónin í Hveragerði en Kristín lét það ekki aftra sér frá því að mæta á fundi og vinna að þeim verkefnum sem henni voru falin. Hún hafði alltaf gaman af því að segja okkur sögur, góða brandara og skipuleggja alls konar leiki þegar það átti við. Þegar hún flutti í Hveragerði lét hún sér ekki nægja að vera í Lions heldur fór að vinna að sjálfboðaliðastörfum þar.

Foldarkonur þakka Kristínu vel unnin störf fyrir Lions og senda Ármanni og fjölskyldu sínar innilegustu samúðarkveðjur.

Minning † Jón Gunnar Stefánsson



Fallinn er frá einn okkar mætu félaga, Jón Gunnar Stefánsson. Jón Gunnar var mikill félagsmála maður, hann gekk til liðs við Lionshreyfinguna árið 1973 þegar hann varð einn af stofnendum Lionsklúbbs Öfundarfjarðar, fáum árum síðar var hann kjörinn Umdæmisstjóri B umdæmisins á Íslandi sem náði frá Reykjavík, vestur um og Norðurland allt, alla leið að Langanesi. Á starfsári sínu heimsótti hann alla Lionsklúbba í

umdæminu þó stundum væri erfitt að fara um að vetrinum til. Að loknum störfum á Vestfjörðum fluttist jón til Grindavíkur og tók þar við starfi bæjarstjóra, hann gekk fljótlega til liðs við Lionsklúbbinn á staðnum og var félagi þar þangað til hann lét af störfum bæjarstjóra árið 1990. Þá fluttu Jón og eiginkona hans Gunnhildur Guðmundsdóttir til Hafnarfjarðar þar sem þau settu niður heimili sitt. Gunnhildur lést

árið 2001, fáum árum síðar hélt Jón Gunnar aftur vestur á firði og gerðist bæjarstjóri á Flateyri. Fyrir vestan kynntist hann eftirlifandi konu sinni, Ólínu Jónu Bjarnadóttur. Eftir farsælt ævistarf settust þau hjón að í Hafnarfirði þar sem æskustöðvar Jóns eru og gekk Jón gekk fljótlega til liðs við Lionsklúbb Hafnarfjarðar. Jón Gunnar var sæmdur öllum helstu viðurkenningum sem veittar eru innan Lions hreyfingarinnar. Þegar við klúbbfélagarnir brugðum undir okkur betri fætinum og fórum með eiginkonum okkar í hinar árlegu vorferðir eða áttum með þeim huggulegt kvöld, þá var Ólína alltaf honum við hlið.

Við félagarnir söknum góðs félaga og mun þeirra hjóna verða minnst um ókomin ár.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Hafnarfjarðar.

Halldór Svavarsson

Lionsklúbburinn Embla

Emblupistill



Pálína Vigdís Sigtryggisdóttir t.v. og Vilborg Kristín Gísladóttir t.h.



Katrín Súsanna Björnsdóttir t.v. og Sigríður Hrefna Magnúsdóttir t.h.



Margrét Kristjánsdóttir



Stjórn Emblu frá vinstri Sigríður Karlsdóttir, Kristín Albertsdóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Sigríður Hrefna Magnúsdóttir og Guðrún Guðnadóttir

Sumarið hjá okkur í L.kl. Emblu hefur verið rólegt eftir að við sáum um gestina okkar í unglinga skiptunum í einn dag. Við náðum í þau í búðirnar á Laugarvatni, gáfum þeim morgunmat í skógar lundi L.kl.Selfoss, síðan var haldið í smá fjallgöngu, á hestabúgarð og þaðan á Eyrarbakka þar sem við tókum á móti þeim í húsi Ástu Andreasen, féлага okkar, þar vorum við með góðar veitingar fyrir þau og að lokum enduðum við í miðbænum á Selfossi þar sem þau fengu góðan málsverð á veitingastaðnum Menam. Þetta var ánægjulegur dagur með skemmtilegum ungmennum.

Við vorum líka í okkar árlegu fjáröflun við að snyrta rabarbara fyrir bónda á Skeiðunum, fórum margar ferðir, fjórar í einu, og er þetta hin skemmtilegasta samveru stund.

Fyrsti fundur haustsins var í dásamlega garðinum hennar Dagrúnar, féлага okkar. Það var skemmtileg samvera í fallegu garðhýsi og á úti palli.

Síðan var stór fundur hjá okkur 10. okt. þegar tvær konur gengu í klúbbinn okkar, þær Pálín Vigdís Sigtryggisdóttir og Vilborg Kristín Gísladóttir, bjóðum við þær hjartanlega velkomnar og hlökkum til að starfa með þeim. En það var ekki allt, því á sama fundi veittum við þrem félögum okkar Melvin Jones viðurkenningu, þeim Katrínu Súsönnu Björnsdóttur, Margréti Kristjánsdóttur og Sigríði Hrefnu Magnúsdóttur. Svo eins og sjá má byrjar vetrarstarfið vel hjá okkur í L.kl. Emblu.

F.H. L.kl. Emblu, Guðmunda Auður Auðunsdóttir, blaðafulltrúi.



Fyrsti fundur haustsins í garðinum hjá Dagrúnu féлага okkar



Unglingaskipti móttaka – „Bröns“



Unglingaskipti – heimsókn á hestabúgarð



Unglingaskipti – hópurinn ásamt Emblufélögum

Þrjár stuttar fréttir frá Lionskúbbi Ólafsvíkur

Lions gaf Taflfélaginu skáklukkur



Sákinn er hafin aftur eftir sumarfrí en fyrsta æfing vetrarins var sunnudagskvöldið 1. október í Áttthagastofu Snæfellsbæjar. Eins og áður er áhuginn mikill og iðkendur á öllum aldri mæta á æfingar einu sinni í viku.

Barna og unglingastarfið var virkt í Snæfellsbæ fyrir sumarfrí og krakkar frá bæði Snæfellsbæ og Grundarfirði duglegir að mæta á æfingar. Nú eftir sumarfrí verða breytingar á og æft verður á mánudögum í Grundarfirði í sal Grunnskóla Grundarfjarðar og á föstudögum í Snæfellsbæ, í Áttthagastofu Snæfellsbæjar. Æfingarnar verða einu sinni í viku til að byrja með, eru þær iðkendum að kostnaðarlausu og öllum velkomið að mæta. Þá eru börn og unglingar úr Grundarfirði velkomin á æfingar í Snæfellsbæ og öfugt. Svo eru skákkvöldin á sunnudagskvöldum auðvitað á sínum stað þar sem öll eru velkomin. Sífellt fleiri bæstast í hóp þeirra sem iðka íþróttina og á síðustu æfingu barna og unglinga í Snæfellsbæ voru hátt í 20 ungmenni.

Fróð aukning í þátttöku kallar á meiri búnað og nýlega gaf Lionsklúbbur Ólafsvíkur Taflfélagi Snæfellsbæjar 10 skáklukkur að gjöf sem munu koma að góðum notum, bæði á æfingum og á mótum, myndin var tekin við það tækifæri.

Lions gefur Krílakoti leiktæki

Lionsklúbbur Ólafsvíkur leggur sig fram um að leggja lið í samfélaginu, meðal þess sem klúbburinn hefur gert er að styðja við leikskólann Krílakot í Ólafsvík. Í vor var ákveðið að styrkja leikskólann með kaupum

á leiktæki sem áhugi var á að fá á leikskólalóðina, þetta leiktæki gengur undir nafninu Ormurinn.

Fyrir skömmu fór fram formleg afhending leiktækisins og var meðfylgjandi mynd tekin við það tækifæri, Hermína Lárusdóttir leikskólastjóri og Hilmar Már Arason formaður Lionsklúbbs Ólafsvíkur tókust í hendur í tilefni af afhendingunni.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur styrkir rafíþróttir

Nú geta krakkar í Snæfellsbæ æft rafíþróttir en æfingar byrjuðu formlega í byrjun september. Gunnlaugur Páll Einarsson og Hreinn Ingi Halldórsson eru þjálfarar í vetur og fara æfingarnar fram í Félagsmiðstöðinni á Hellissandi. Hópnum var skipt í tvo aldurshópa og þeim hópum skipt í tvennt svo flestir komist að, þannig komast 20 börn að úr 5.-7. bekk og 20 börn úr 8.-10. bekk. Æfingar yngri hóparanna eru mánudaga og þriðjudaga og eldri hóparnir eru miðvikudaga og fimmtudaga. Lionsklúbbur Ólafsvíkur færði ungmennafélaginu styrk að upphæð 250.000 krónur þegar æfingar hófust en styrknum er ætlað að styðja enn frekar við þróun rafíþróttanna í bæjarfélaginu. Ungmennafélagið hefur lagt mikið á sig til þess að auka fjölbreytni í afþreyingu sem boðið er upp á og mun þessi styrkur koma sér vel í þeirri áframhaldandi vinnu. Tinna, Gulli og Hreinn tóku við styrknum fyrir hönd ungmennafélagsins Víkings/Reynis en á myndinni eru einnig Hilmar og Sigurður fyrir hönd Lionsklúbbs Ólafsvíkur.

Lionsklúbburinn Agla í Borgarnesi

Klúbburinn stofnaður 1994 og á því 30 ára afmæli á næsta ári. Klúbburinn lætur sig varða ýmis mál í nær samfélaginu og leggur metnað í að styrkja góð málefni. Nýlega gaf klúbburinn „þyngingarvesti“ til leikskólans Uglukletts í Borgarnesi, en þau höfðu verið með í láni slíkt vesti. Dagbjört Birgisdóttir iðjuþjálfari veitti okkur upplýsingar um nytsemi slíks búnaðar. Þetta sérstaka vesti inniheldur kúlur og þyngingu sem örva skynáreyti og stuðla þannig að einstaklingar finna gjarnan meiri ró og ná betri einbeitingu. Þetta gagnast einstaklingum sem eru með taugaþroskaraskanir, s.s. einhverfu og ADHD. Þetta mikilvæga hjálpartæki er ekki niðurgreitt af Sjúkratryggingum, en það kostar um eitt hundrað þúsund krónur.

Myndin er af Lionskonum að afhenda vestið. Frá v. Kristín Ingólfsdóttir, Svava Guðmundsdóttir, María Eypórsdóttir, Helga Ragnarsdóttir og Ingibjörg Hargrave formaður verkefna- og fjáröflunarnefndar Lionsklúbbsins Öglu Borgarnesi, við tekur Dagbjört Birgisdóttir iðjuþjálfari Leikskólanum Uglukletti.



Lkl. Úa

Úr leik og starfi



Bryndís H. fær Kjaransmerki



Svanhvít fær Kjaransmerki

Útur í leik og starfi



Lionsklúbbur Hveragerðis

Meðfylgjandi eru myndir frá fundi í Lionsklúbbi Hveragerðis sem haldinn var 9. október síðastliðinn á Hótel Örk. Gestir voru frá Lionsklúbbi Þorlákshafnar (þeir funda reglulega með okkur), Lionsklúbbi Selfoss (móðurklúbbi okkar) og Lionsklúbbi Vestmannaeyja. Við borðuðum saman og var aðalrétturinn lax. Eftir mat fengum við fyrirlestur frá Jóni Þór Birgissyni, Grænlandsfara með meiru. Hann var með snilldarfyrirlestur um Sackenberg rannsóknarstöðina á Norður Grænlandi.

Vilmundur Kristjánsson



Fundurinn



Jón Þór Birgisson, Grænlandsfari var með fyrirlestur um Sackenberg rannsóknarstöðina á Norður Grænlandi.



Jón Þór Birgisson



Jóni Þór Birgissyni, Grænlandsfara færð blóm í þakkarskygni af Birgi Birgissyni formanni Lkl. Hveragerðis.



Formanni Lkl. Selfoss Samúeli Hreggviðssyni færð blóm af Birgi formanninum okkar



Formanni Lkl. Vestmannaeyja Bergvini færð blóm.



Formaður Lkl. Vestmannaeyja Bergvini Óddsson.

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

September – myndasíða

- Friðgeir Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





Minning † Kristinn Kjartansson



Kveðja frá Lionsklúbbsi Kópavogs

Í dag minnumst við Sigurðar Kristins Kjartanssonar sem lést á hjúkrunarheimilinu Boðþingi þann 18. september síðastliðinn. Sigurður var stofnfélagi í Lionsklúbbsi Kópavogs sem var stofnaður 1959, stofnendur klúbbsins voru 26 ungir menn, flestir á þrítugsaldri en Sigurður var þá aðeins 33 ára. Við fráfall Sigurðar er nú er aðeins einn stofnfélagi eftir í klúbbum.

Sigurður gegndi embætti gjaldkera starfsárið 1965-1966 og formennsku í klúbbum starfsárið 1971-1972. Hann sinnti einnig vel flestum nefndarstörfum innan klúbbsins á meðan hann hafði heilsu til. Hann var alltaf tilbúinn þegar til hans var leitað og tók hann ætíð vel á móti nýjum félögum. Sigurður var stoltur af klúbbum sem hann stofnaði til, enda mörg stór verkefni sem sem hann kom að með honum með ýmsu móti.

Sigurður hlaut æðstu viðurkenningu Lions er hann var gerður að Melvin Johns féлага og einnig hlaut hann Kjaransorðuna frá Lions hreyfingunni á Íslandi á 60 ára afmæli Lionsklúbbs Kópavogs árið 2019.

Við félagarnir minnumst hans því með þakklæti og hlýhug, við munum halda áfram á þeirri braut sem Sigurður lagði upp með aðeins 33 ára gamall og þökkum honum góða samferð í gegnum árin.

Um undra-geim, í himinveldi háu,
nú hverfur sól og kveður jarðarglaum;
á fegra landi gróa blómin bláu
í bjartri dögg við lífsins helgan straum.
(Benedikt Gröndal)

Lionsklúbbur Kópavogs sendir innilegar samúðarkveðjur til fjölskyldu Sigurðar og ástvina.

Blessuð sé minning Sigurðar Kristins Kjartanssonar.
Fyrir hönd Lionsklúbbs Kópavogs
Ómar Þorsteinsson
Formaður

Minning † Þráinn Gunnarsson



16. október kvöddum við góðan vin og Lions mann Þráinn Gunnarsson. Hann andaðist á sjúkrahúsinu á Húsavík 28. september sl. eftir langa og erfiða sjúkralegu.

Þráinn var félagi í Lionsklúbbsi Húsavíkur í allmörg ár. Hann var mjög virkur í öllu starfi klúbbsins og tók að sér fjölmörg störf sem hann sinnti af mikilli kostgæfni.

Mestan hluta ævinnar bjó hann á Húsavík og sinnti þar margvíslegum störfum. Þar má helst nefna störf sem tengdust sjávarútveginum. Ungur að árum fór hann til Vestmannaeyja til móðurbróður síns, Sigurðar Gunnarssonar útgerðarmanns, á vetrarvertíð. Má vera að þar hafi hann heillast að hafsækinni starfsemi. Meðan Húsavíkingar ráku togaraútgerð kom Þráinn mikið að þeim málum. Þar starfaði hann á skrifstofu Höfða hf. sem rak togarana Júlíus Havsteen og Kolbeinsey og sat um tíma í stjórn þess félags. Einnig vann hann um skeið hjá útgerðarfyrirtækinu Íshafi hf. við sama rekstur. Þá má nefna að hann

var um tíma í stjórn Fiskiðjusamlags Húsavíkur. Hann vann á tímabili á skrifstofu Flugfélags Íslands, þegar það félag sinnti áætlunar flugi til Húsavíkur. Síðar vann hann hjá flugfélaginu Erni sem ennþá er með áætlunarflug til Húsavíkur, þótt sumum málsmetandi mönnum þyki það miður. Um nokkurra ára skeið rak hann sport- og útivörverslunina Tákn með þáverandi eiginkonu sinni Ingibjörgu Jónsdóttur. Hann sat í sveitarstjórn Norðurþinga fyrir Samfylkinguna í tvö kjörtímabil frá 2006 til 2014. Loks skal þess getið að hann var félagi í því víðfræga og landskunna matarfélags Kótiletufélags Íslands.

Þráinn hafði góða lund og var oft hrókur alls fagnaðar í góðra vina hópi. Sjávarútvegsmálin voru honum hugleikin en eins og fyrr segir starfaði hann lengi að þeim málum. Hann var líka vel að sér í þeim flókna suðupotti sem þar mallar, Kvótakerfinu sjálfu, sem fáum er gefið að skilja.

Lionsklúbbiur Húsavíkur þakkar Þráni Gunnarssyni samveruna um margra ára skeið og sendir börnum hans, barnabörnum og öðrum ástvinum samúðarkveðjur.

f.h. Lionsklúbbs Húsavíkur
Birgir Þórðarson, formaður

Lionsklúbburinn Dynkur

Birkiplöntun og Schnitselkvöld hjá Dynk



Dynksfélagar planta birki í Þjórsárdal.



Oddur og Jökull gera schnitselinn klárann í Árnosi



Sigvaldi Jónsson, formaður Verkefnafundar Dynks, afhendir Björgunarsveitinni Sigurgeir styrk upp á hálfa milljón.



Dynksfélagar planta birki í Þjórsárdal.



Dynksfélagar planta birki í Þjórsárdal.

Starfsárið hefur verið annasamt og fjölbreytt hjá Lkl Dynk, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Á meðal verkefna klúbbsins eru plöntun birkis í Þjórsárdal. Þar fékk Dynkur svæði úthlutað á vikrunum skammt frá Hjálparfossi og er plantað árlega yfir 10.000 plöntum. Um er að ræða kolefnisjöfnun sem fólk og fyrirtæki geta stutt við.

Árlegt Schnitselkvöld Dynks haldið í Árnosi þann 14. október fyrir fullu húsi. Það er fjáröflunarkvöld klúbbsins sem hefur fest rætur og er fjölsótt. Guðmundur Sigurðsson á Reykhól, Skeiðum, er formaður klúbbsins, sem fagnar senn 10 ára starfsafmæli sínu.

Dynkur tók þátt í því að halda Ungmennabúðir Lions ásamt öðrum

klúbbum á svæðinu. Tókst vel til og gerðu klúbbarnir í Árnessýslu víðreist með unga fólkið sem var frá Þýskalandi, Danmörku, Bandaríkjunum og Austurríki.

Hver klúbbur átti sinn dag þar sem skipulagt var ferðalag með unga fólkið. Dynkur fór með þau um Þjórsárdal þar sem Búrfell 2, Gjáin, Stöng og Hjálparfoss voru sótt heim.

Dagurinn endaði í grillveislu hjá Ásmundi og Matthildi í Norðurgarði á Skeiðum. Þá var rennt við í Skarði þar sem hestar voru skoðaðir.

bgs



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbarnir í Ólafsvík til Meina á Ítalíu



Lionsklúbbur Ólafsvíkur fagnar 50 ára afmæli í ár og í upphafi síðasta starfsárs komu fram hugmyndir um að fara í utanlandsferð í tilefni tímamótanna, lionskonur í Rán höfðu einnig verið með hugmyndir um að fara í ferð og var því Ránarkonum sent boð um hvort þær vildu fara í sameiginlega ferð, úr varð að skipuð var fjögurra manna ferðanefnd, tveir úr Lionsklúbbi Ólafsvíkur og tvær úr Lionsklúbbnum Rán.

Ferðanefndin tók saman nokkra möguleika og í byrjun mars var kosið um þrjá áfangastaði, niðurstaðan varð Madrid og átti að fara um miðjan september, ferðaskrifstofan sem sá um ferðina gat hins vegar ekki staðið við sitt og því var bakkað út úr þeirri ferð og leitað til ferðaskrifstofunnar Vita með ferð. Vita bauð upp á ferð til Ítalíu, flogið var til Milano og ekið með rútu til mjög lítills bæjar sem heitir Meina og er við vatnið Maggiore, hótelið er afskaplega fallegt og heitir Hotel Villa Paradiso.

52 tóku þátt í ferðinni, 21 úr Lionsklúbbi Ólafsvíkur og 17 úr Lionsklúbbnum Rán auk maka.

Konurnar í ferðanefndinni gáfu kost á sér í skemmtinefnd fyrir ferðina, þær komu fljótlega með tillögu um að skipta hópnum niður og litamerkja hvern hóp, þannig mætti koma á heilbrigðri samkeppni á milli lita auk þess sem þær útbjuggu verkefni sem gáfu stig, keppnin náði svo hápunkti í sameiginlegum kvöldverði klúbbanna í Meina þar sem liðin gátu verið með skemmtiatriði og hugsanlega náð sér í aukastig.

Skemmst er frá því að segja að vel var tekið í litapemað og löngu fyrir ferð voru hóparnir í metnaðarfullum myndatökum út um allan bæ. Á ferðadegi mættu lionsfélagar í flugstöðina í fullum skrudá, hver hópur í sínum lit og héldu því áfram þar til komið var á hótelið í Meina.

Komið var á Hotel Villa Paradiso í Meina um miðjan dag á fimmtudeginum 5. október, fólk kom sér fyrir á hótelinu og svo dreifðist hópurinn á þá veitingastaði sem Meina hefur upp á bjóða.

Ræs var snemma á föstudeginum 6. október því að lagt var af stað með rútu í skoðunarferð til Torino, þegar þangað var komið var gengið í fylgd fararstjóra um miðbæinn og helstu byggingar og kennileiti



skoðuð, að göngu lokinni var sest niður á veitingastað, þar fékk hópurinn hádegisverð áður en gengið var í Egypska safnið, safnið var skoðað með leiðsögn og svo fékk hópurinn svolitinn frjálсан tíma áður en ekið var til Meina aftur.

Laugardagurinn var frjálс fram að kvöldmat og nýttu margir sér það til að skoða Maggiore vatnið og bæina í kringum það.

Klúbbarnir héldu báðir stutta félagsfundir á hótelinu áður en haldið var á veitingastað í sameiginlegan kvöldverð, það var á veitingastað sem heitir Ristorante Bellavista og er í um 100 metra fjarlægð frá hótelinu, eigendur staðarins ákváðu að loka staðnum fyrir öðrum gestum svo að við höfðum hann alveg út af fyrir okkur. Á milli rétta buðu litahóparnir upp á skemmtiatriði, skemmtu matargestir og þjónar sér mjög vel og var mikið hlegið.

Sunnudagurinn 8. október var alveg frjálс og hélt hluti hópsins áfram

að skoða sig um á meðan hinn hlutinn naut veðurbliðunnar við vatnsbakkann eða sundlaugina, sólin skein á okkur alla dagana og hitinn var á bilinu 24 - 28 gráður.

Á mánudeginum 9. október var kominn tími til að huga að heimferð, um hádegi kom rúta að sækja hópinn og flytja hann á Malpenza flugvöllinn í Milano, þaðan var flogið til Íslands.

Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur höfðu áður farið fjórum sinnum í sameiginlegar utanlandsferðir og þessi ferð því fimmta sameiginlega ferðin, þessar ferðir eru svo sannarlega hópeflisferðir því að þegar heim er komið er samheldni félaga meiri og vinnugleðin einnig, fólk í samfélaginu sem er ekki í Lions verður einnig vart við þessa auknu gleði og áhugi á Lions eykst, e.t.v. skilar það sér í fjölgun.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir sem þátttakendur í ferðinni tóku.

Lionsklúbburinn Æsa

Lionsklúbburinn Æsa hélt sitt árlega Vinkonukvöld 6. október með bleiku þema. Í ár var ákveðið að styrkja Konukot. Kynnir kvöldsins var Gunnheiður Kjartansdóttir og gestur kvöldsins var Sirrý Arnarsdóttir, hún fór yfir ýmis lykilatriði varðandi örugga framkomu við öll tækifæri og minnti konur á að allir hafa eitthvað gott fram að færa og hafa rétt á að tjá sig. Tískusýning á gömlum kjólum frá síðustu öld, sem fengnir voru að láni frá ömmum, mömmum og frænkum. Valdísi Þórarinsdóttur fékk Melvin Jones viðurkenninguna. Kvöldið var vel heppnað og lauk með stuðónlist sem Guðrún Árný söngkona og tónmenntakennari flutti og stjórnaði. Lionsklúbburinn Æsa er góður félagsskapur, rúmlega 30 konur eru í klúbbnum, einn matarfundur og einn óformlegur fundur eru í mánuði.

Líknarstarfið er gefandi og við bjóðum ávallt nýjar konur velkomnar í hópinn. Æsurnar þakka öllum þeim fjölmörgu sem aðstoðuðu við að gera kvöldið ómótstæðilegt. Einnig þökkum við þeim fyrirtækjum sem styrktu kvöldið með beinu fjárframlagi sem rann óskipt til Konukots.

*Með lions-kveðju
Brynja Þóra Valtýsdóttir
Netstjóri Lionsklúbbsins Æsu
s.8612918*

